

2007
2017
10 ára

2016

SAMFÉLAGSSKÝRSLA



Fjarðaál
alcoa.is



ÞAÐ ER STEFNA ALCOA CORP. AÐ ÁRIÐ
2030 FARI ENGINN ÚRGANGUR TIL URÐ-
UNAR. ÞAÐ ER ÁNÆGJUEFNI AÐ ÞAR ER
ALCOA FJARÐAÁL FREMST Í FLOKKI
INNAN ALCOA SAMSTÆÐUNNAR.

2016 SAMFÉLAGS-
SKÝRSLA

EFNISYFIRLIT

01	Um skýrsluna	5	08	Mannauður	23
02	Yfirlýsing framkvæmdastjórnar	6	8.1	Jafnréttismál	23
03	Ávarp forstjóra	8	8.2	Mannauðurinn	24
04	Um starfsemi Fjarðaáls	10	8.3	Fjölskylduvænt vaktakerfi	24
05	Stefna Fjarðaáls í samfélagsábyrgð	11	8.4	Starfs- og siðareglur	24
5.1	Meginmarkmið	11	8.5	Öryggi	24
5.2	Mannauður	12	8.6	Heilsa og velferð	24
5.3	Umhverfi	12	8.7	Hlunnindi fastráðinna starfsmanna	26
5.4	Efnahagur og virðisdeðja	12	8.8	Fræðsla og endurmenntun	26
5.5	Samfélag	12	8.9	Slys og frávik gagnvart heilsu og öryggi	26
06	Framleiðsluferli	13	8.10	Meginmarkmið fyrir árið 2017	26
07	Umhverfismál	15	09	Samfélag	27
7.1	Grænt bókhald	16	9.1	Styrkir til góðra verka	27
7.2	Hráefnis- og auðlindanotkun	18	9.2	Samfélagsviðburðir og sjálfböðavinna	28
7.3	Losun í andrúmsloft	18	9.3	Samskipti við hagsmunaaðila	28
7.4	Hávaði	21	9.4	Sjálfbær þróun á Austurlandi	30
7.5	Aukaafurðir	21	9.5	Meginmarkmið fyrir 2017	30
7.6	Frárenslí	21	10	Efnahagur og virðisdeðjan	31
7.7	Helstu mælanleg markmið í umhverfismálum	21	10.1	Lykiltölur	31
			10.2	Samstarf við birgja	32
			10.3	Innkaupanet	32
			10.4	Fjárfestingasmningur	32
			10.5	Meginmarkmið fyrir 2017	32
			11	Áritun endurskoðanda	33
			12	GRI-yfirlitstafla	34
			13	Stefna Alcoa Fjarðaáls í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum	38

01

UM SKÝRSLUNA

Alcoa Fjarðaál sf. gefur út samfélags-skýrslu í fyrsta sinn en fyrirtækið hefur gefið út skýrslu um grænt bókhald frá árinu 2008.

Í fyrsta sinn er grænt bókhald hluti af samfélagskýrslu Alcoa Fjarðaáls. Við skýrslugerðina eru viðmið Global Reporting Initiative (GRI G4) höfð til hliðsjónar. Skýrslan er unnin í samstarfi við vottaðan GRI ráðgjafa.* Félagið skrifaði undir Jafnréttissáttmála UN Women og Global Compact árið 2012 og hefur verið aðili að UN Global Compact í gegnum móðurfélagið frá ágúst 2009.

Alcoa Fjarðaál hefur verið aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð frá árinu 2014 og skrifaði jafnframt undir loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar árið 2015 um að draga úr myndun aukaafurða og gróðurhúsa-lofttegunda. Félagið hefur skuldbundið sig að vinna markvisst að því að draga úr umhverfisáhrifum, auka jafnrétti innan fyrirtækisins og efla hag samfélagsins í gegnum starfsemi sína.

Markmiðið með útgáfu skýrslunnar er að auka samtal við samfélagið um stöðu og árangur verkefna og starfseminnar. Ennfremur felst mikil gæða- og áhættustýring í því fyrir Alcoa Fjarðaál. Stýrihópur hefur unnið að því ásamt ráðgjafa að kortleggja umfang samfélagskýrslunnar og setja saman aðgerðaáætlun tengda helstu GRI frammistöðuvísium um samfélagsábyrgð hjá félaginu. Þeir GRI vísar sem eru tilgreindir í skýrslunni endurspeglar helstu samfélagslegu áhrif tengd starfsemi félagsins. Stuðst var við þá vísa sem móðurfélagið fylgir eftir, að viðbættum GRI vísium sem teljast nauðsynlegir til skráningar miðað við starfsemina á Íslandi. Auk þess er fylgt eftir markmiðum og mælingum á grænu bókhaldi Alcoa og niðurstöðum tveggja rýnihópa: starfsmanna og hagsmunaaðila.

Stýrihópnum var skipt niður í fimm hópa sem voru skilgreindir eftir helstu snertiflötum starfseminnar: Mannauður, virðisdeðja, efnahagur, samfélag og umhverfi. Hópurinn samanstendur af forstjóra fyrirtækisins, tveimur framkvæmdastjórum, upplýsingafulltrúa og sérfræðingum úr öllum ferlum fyrirtækisins.

Í einhverjum tilvikum er ekki gerð grein fyrir GRI vísium eða gerð er grein fyrir þeim að hluta. Í þeim tilvikum hafa samanburðarhæfar upplýsingar ekki verið aðgengilegar. Stefnt er að því að betrubæta gagnaöflun vegna skýrslugerðar á komandi árum. Aftast í skýrslunni er tilvísunartafla þar sem kemur fram í hvaða hluta skýrslunnar er fjallað um hvern vísi.

* Soffía S. Sigurgeirsdóttir MSc í alþjóðasamskiptum og ráðgjafi í samfélagsábyrgð

02

YFIRLÝSING FRAMKVÆMDA- STJÓRNAR

Áherslur Alcoa Fjarðaáls í samfélagsábyrgð endurspegla markmið og stefnu félagsins sem snúa að því að starfa í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar þar sem meginmarkmiðið er starfa í sátt við umhverfið og hafi jákvæð áhrif á þróun samfélagsins. Alcoa Fjarðaál sf. stefnir stöðugt að því að sýna framfarir á sviði samfélagsábyrgðar.

Alcoa Fjarðaál fylgir gildum og leiðbeiningum móðurfélagsins Alcoa Corporation um stjórnarhætti en þær byggja á viðmiðum Business Roundtable 2012 Principles of Corporate Governance. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins.

Upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu eru réttar og veittar samkvæmt okkar bestu vitund.




Magnús Þór Ásmundsson
Forstjóri



Árni Páll Einarsson
Framkvæmdastjóri
áreiðanleika



Geir Sigurpáll Hlökkversson
Framkvæmdastjóri
málmvinnslu



Guðný Björg Hauksdóttir
Framkvæmdastjóri
mannauðsmála



Gunnlaugur Aðalbjarnarson
Framkvæmdastjóri
fjármála



Júlíus Brynjarsson
Framkvæmdastjóri
kerskálapjónustu



Kristinn Harðarson
Framkvæmdastjóri fjárfest-
inga og framleiðsluþróunar



Páll Freysteinnsson
Framkvæmdastjóri umhverfis-,
heilsu- og öryggismála



Smári Kristinnsson
Framkvæmdastjóri
álframleiðslu

03

ÁVARP FORSTJÓRA



Ágæti lesandi.

Hér hefur þú í höndum fyrstu samfélagskýrslu Alcoa Fjarðaáls sem stefnt er á að gefa út árlega héðan í frá. Markmiðið er að skýrslan uppfylli alþjóðlega staðla um samfélagsábyrgð. Skýrslan kemur út í staðinn fyrir það sem áður hét Grænt bókhald en það er þó innifalið í skýrslunni. Við bætast svo ítarlegri kaflar en áður hafa verið í Græna bókhaldinu um efnahags-, samfélags- og mannauðsmál. Einnig er litið til virðiskenningar Fjarðaáls.

Hjá Fjarðaáli leggjum við áherslu á að starfa í sátt við samfélagið og að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum sem af starfsemiinni verða. Þannig er góð orkunýting og notkun endurnýjanlegrar orku forgangsmál hjá Alcoa Fjarðaáli. Álverið er knúið áfram með endurnýjanlegri raforku sem á uppruna sinn í Kárahnjúka-virkjun. Annað dæmi um orkunýtingu er að varmi kælivatns frá steypuskálanum er endurnýttur til hús-

hitunar á lóð Fjarðaáls. Þá er vatnið endurnýtt þar sem það er í lokuðu kerfi og ekkert framleiðsluvatn er losað frá verksmiðjunni til sjávar og regnvatn af lóðinni er leitt í gegnum náttúrulega hreinsun í settjörnum. Fjarðaál stendur sig vel á fleiri sviðum umhverfismála og má þar nefna minnkaða losun á flúor-efnum frá verksmiðjunni og hæsta endurvinnsluhlutfall sem þekkist innan Alcoa samsteypunnar. Nánar má lesa um þetta í kaflanum um umhverfismál.

Öryggismenning er mikilvægur þáttur í starfsemi Fjarðaáls og felst fyrst og fremst í því að ekkert verk er það mikilvægt að það réttlæti að starfsmaður setji sjálfan sig í hættu. Til að tryggja markmið félagsins um slysalausan vinnustað fylgja allir starfsmenn eftir öguðum vinnubrögðum og nota tilgreindan öryggisbúnað. Ennfremur er lögð rík áhersla á markvissa upplýsingagjöf, menntun, þjálfun og reglulega endurskoðun á öryggiskerfum ásamt

nýsköpun til að stuðla að bættri öryggismenningu.

Stórar breytingar voru gerðar á vaktakerfi Fjarðaáls árið 2016, starfsfólki okkar og samfélaginu til hagsbóta. Þá var hætt með 12 tíma vaktakerfi og átta tíma kerfi tekið upp í staðinn. Styrkir til nærsamfélagsins eru mikilvægur þáttur í starfsemi Fjarðaáls en á hverju ári ver fyrirtækið yfir 100 milljónum króna í margvísleg samfélagsverkefni og þá hvetur fyrirtækið starfsfólkið til að taka þátt í sjálfbærni og vinnu. Sérstakir kaflar í skýrslunni eru tileinkaðir mannauðs- og samfélagsmálum þar sem betur má lesa um vinnuskilyrði starfsfólks Fjarðaáls og samstarf við nærsamfélagið.

Alcoa Fjarðaál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi og mikilvægt í efnahagslegu tilliti. Á síðasta ári flutti félagið út vörur fyrir 71 milljarð króna og þar af urðu 39% eftir í landinu. Fyrirtækið greiddi einn

milljarð króna í skatta og opinbergjöld á Íslandi.

Framtíðarsýn Alcoa Fjarðaáls í samfélagsábyrgð felst í því að vera í fararbroddi á sviði þróunar, nýsköpunar og framfara í áliðnaði heimsins og á sama tíma að taka þátt í að styrkja stoðir samfélagsins á Austurlandi. Félagið hyggst með markvissum hætti starfa í sátt við umhverfið í samræmi við þá áherslu sem Alcoa leggur á umhverfismál um allan heim. Markmið fyrirtækisins er að takmarka neikvæð umhverfisáhrif, vinna í anda sjálfberrar þróunar og taka virkan þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Vonandi færð þú lesandi góður skýra mynd af fyrirtækinu Alcoa Fjarðaáli eftir lestur þessarar samfélagskýrslu.

Magnús Þór Ásmundsson



Framtíðarsýn Alcoa Fjarðaáls í samfélagsábyrgð felst í því að vera í fararbroddi á sviði þróunar, nýsköpunar og framfara í áliðnaði heimsins og á sama tíma að taka þátt í að styrkja stoðir samfélagsins



04

UM STARFSEMI FJARÐAÁLS

Starfsfólk Alcoa vinnur á hverjum degi eftir gildum fyrirtækisins sem eru: Heilindi, árangur og umhyggja

Hlutverk álvers Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði er að framleiða ál á hagkvæman, öruggan og umhverfisvænan hátt. Stefna félagsins er að einbeita sér að þessari kjarnastarfsemi og láta öðrum fyrirtækjum eftir ýmsa stoðþjónustu sem tengist rekstrinum. Á þennan hátt stuðlar Alcoa Fjarðaál að uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu. Alcoa Fjarðaál vinnur samkvæmt gildum móðurfélagsins um heilindi, árangur og umhyggju.

Alcoa Fjarðaál sf. að Hrauni í Reyðarfirði hóf álframleiðslu í byrjun apríl 2007 og var komið í fulla framleiðslu í ágúst 2008. Framleiðslugeta álversins er í dag allt að 360 þúsund tonn af áli á ári samkvæmt starfsleyfi. Starfsmenn Alcoa Fjarðaáls voru um 550 að meðaltali árið 2016. Auk þeirra vinna um 350 verktakar á vegum annarra fyrirtækja í álverinu eða á álverslóð við ýmis störf svo sem framleiðslu, viðhald, þjónustu og ráðgjöf.

Fyrirtækið starfar samkvæmt starfsleyfi útgefnu þann 8. nóvember 2010. Starfsemi fyrirtækisins fellur undir fyrirtækjaflokk 2.1, álframleiðsla, samkvæmt reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Gildistími starfsleyfisins er til 1. desember 2026 og er Umhverfisstofnun eftirlitsaðili með starfsemi álframleiðslunnar. Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur eftirlit með margs konar stoðstarfsemi innan álverslóðar, svo sem verkstæðum, spennistöð og starfsmannaöðstöðu.

Árið 2016 var Alcoa skipt upp í tvö fyrirtæki, Alcoa corp. og Arconic. Skiptin gengu vel og Alcoa corp. er nú öflugt fyrirtæki sem einbeitir sér að öllu sem viðkemur álframleiðslu, allt frá námuvinnslu til vara sem steypar eru úr áli og seldar til viðskiptavina. Starfsfólk Alcoa vinnur á hverjum degi eftir gildum fyrirtækisins sem eru: **Heilindi, árangur og umhyggja.**

05

STEFNA FJARÐAÁLS Í SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Alcoa Fjarðaál vill vera öðrum fyrirtækjum fyrirmynd og hvatning til góðra verka í samfélagslegri ábyrgð.

Alcoa Fjarðaál hefur sett sér metnaðarfulla stefnu í samfélagsábyrgð byggða á hugmyndafræði um sjálfbæra þróun og alþjóðlegum mælikvörðum um samfélagsábyrgð. Samfélagsstefnan byggir á fjórum meginstoðum sem snúa að því að ná jafnvægi milli umhverfis-, efnahags- og samfélagslegra þátta til lengri tíma lítið. Markmiðið er að samfélagsábyrgð sé samofin starfsemi félagsins sem endurspeglast meðal annars í virku samtali við samfélagið, virku sjálfböðastarfi, útvistun verkefna til verktaka og markvissri áherslu á að draga úr umhverfisáhrifum frá starfsemi. Stefnan hefur verið kynnt starfsfólki og er markmiðið að hún verði endurskoðuð reglulega með þátttöku starfsmanna. Samtakamáttur stjórnenda og starfsmanna skiptir sköpum hvað varðar árangur á innleiðingu á samfélagsstefnu félagsins sem byggir einkum á miðlun skilaboða og framkvæmd verkefna og aðgerða.

5.1 MEGINMARKMIÐ

1. Hlutverk Alcoa Fjarðaáls er að framleiða gæðaál á öruggan, umhverfisvænan og hagkvæman hátt með sjálfbærni að leiðarljósi.
2. Alcoa Fjarðaál á í skilvirku sambandi við nærsamfélagið og vill stuðla að uppbyggingu á frjóu atvinnulífi og samfélagi á Austurlandi.
3. Alcoa Fjarðaál vill vera öðrum fyrirtækjum fyrirmynd og hvatning til góðra verka í samfélagslegri ábyrgð.
4. Alcoa Fjarðaál hefur sett sér markmið í samfélagsábyrgð byggð á viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI). Markmiðum, verkefnum og kynningum á árangri verður komið á framfæri í samfélagskýrslu sem verður gefin út árlega og verður aðgengilega á vefsíðu fyrirtækisins.

5.2 MANNAUÐUR

Virðing fyrir einstaklingnum og jöfn tækifæri eru lykilatriði í jafnréttis- stefnu Alcoa Fjarðaáls. Félagið vinnur markvisst að því að auka jafnrétti á vinnustaðnum og skapa starfsumhverfi sem hvetur til stöðugra umbóta, breytinga, framfara og nýrra hugmynda. Velferð, öryggi og heilsa starfsmanna hafa ávallt forgang við ákvarðanatöku. Alcoa Fjarðaál fylgir skýrri stefnu móðurfélagsins í heilsu- og öryggismálum, sem er yfirfarin og endurskoðuð árlega. Stefnuna er að finna í viðauka skýrslunnar.

JAFNRÉTTI

Virðing fyrir einstaklingnum og jöfn tækifæri eru lykilatriði í jafnréttis- stefnunni.

5.3 UMHVERFI

Alcoa Fjarðaál virðir að öllu leyti stefnu móðurfélags Alcoa í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum (sjá stefnu í viðauka). Það er stöðugt unnið að því að bæta frammistöðu félagsins í þeim efnum. Mengun- varnir álversins eru í samræmi við bestu fánlegu tækni og stuðla að lágmörkun mengunarefna út í umhverfið. Unnið er markvisst að því að draga úr neikvæðum umhverfis- áhrifum frá starfsemi álversins í Reyðarfirði. Fyrirtækið fylgir ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfinu og OHSAS 18001 heilsu- og öryggis- stjórnunarkerfinu. Félagið er jafn- framt vottað af Bureau Veritas (BV).

5.4 EFNAHAGUR OG VIRÐISKEÐJA

Alcoa Fjarðaál stuðlar markvisst að uppbyggingu atvinnulífs á Austur- landi með því að bjóða út ýmsa stoðþjónustu til fyrirtækja í grennd við álverið. Á þann hátt gerir félagið þeim kleift að byggja upp starfsemi

sína á svæðinu. Alcoa Fjarðaál gerir strangar kröfur til birgja og þjón- ustuaðila hvað viðkemur umhverfis-, heilsu- og öryggismálum. Birgjar verða jafnframt að uppfylla kröfur um samfélagsábyrgð auk þess að vera samkeppnishæfir í verði og þjónustu.

5.5 SAMFÉLAG

Alcoa Fjarðaál leggur mikla áherslu á opið og virkt samtal við nærsam- félagið. Félagið telur að forsenda þess að treysta hag hluthafa og hagsmunaaðila liggja í góðum og gegnsæjum stjórnarháttum. Alcoa Fjarðaál á í nánu samstarfi við hags- munaaðila varðandi uppbyggingu innviða samfélagsins, sem snerta til að mynda samgöngur, nýsköpun, mennta- og félagsmál. Þar að auki leggur félagið og samfélagsjóður Alcoa fé til mikilvægra málefna, menningarviðburða og verkefna á Austurlandi. Fjarðaál leggur áherslu á að vera virkur þátttakandi í að byggja upp sjálfbært samfélag á Austurlandi.



06

FRAMLEIÐSLUFERLI

Þurrhreinsivirkið hreinsar meira en 99,8% af heildarflúor úr afsogslofti keranna.

Framleiðslugeta Alcoa Fjarðaáls er allt að 360 þúsund tonn af áli á ári og er álið framleitt með rafgreiningu í 336 kerum. Framleiðsluferlið er sýnt á mynd 1.

Kerin eru úr stáli en þau eru fódruð með eldföstum einangrunarefnum. Í kerunum eru bakskaut úr kolefni. Yfirbygging kersins heldur uppi forbökuðum forskautunum, sjálf- virkum skurnbrjótum og möturum (e. point fed prebake) fyrir súrál og álflúorið.


Kerin eru almennt lokuð til að lág- marka hættuna á að gastegundir komist út í kerskálana. Gasið er sogað burtu með afsogskerfi og leitt til þurrhreinsivirkja þar sem hreint súrál er notað til þess að

hreinsa flúorinn úr gasinu áður það fer út í andrúmsloftið um reyk háf. Þurrhreinsivirkið hreinsar meira en 99,8% af heildarflúor úr afsogslofti keranna. Flúorinn er endurnýttur í rafgreiningarferlinu þegar hann fer með súrálínu aftur ofan í kerin. Þegar ker eru opnuð er afsog aukið til að lágmarka það afgang sem sleppur út í kerskála og andrúmsloft.

Fljótandi ál er flutt úr kerskála í steypuskála í sérstökum deiglum. Þar er álið mótað í endanlega afurð sem flutt er á markað í Evrópu. Í steypuskála er kælivatn til fram- leiðslu endurnýtt. Vatnið er hreinsað í vatnshreinsivirki og leitt aftur inn á vélar steypuskálans. Ekkert vatn úr framleiðsluferlum er leitt í frárennsli.



FRAMLEIÐSLUFERLI Í ÁLVERI ALCOA FJARÐAÁLS



07

UMHVERFISMÁL

Alcoa Fjarðaál vinnur markvisst að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi og setur sér metnaðarfull innri markmið í umhverfismálum á ári hverju. Alcoa Fjarðaál er vottað af ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfi.

Fyrirtækið stendur fyrir yfirgripsmikilli umhverfisvöktun í Reyðarfirði í samræmi við vöktunaráætlun sem er samþykkt af Umhverfisstofnun. Niðurstöður eru birtar í ársskýrslu sem er aðgengileg á heimasíðum Alcoa Fjarðaáls og Umhverfisstofnunar. Tilgangur umhverfisvöktunarinnar er að meta það álag á umhverfið sem starfsemi álversins veldur í nágrenni sínu.

Helsta uppspretta mengandi efna í lofti er útblástur frá kerskála. Sá útblástur fer annars vegar upp um rjáfur skálanna og er hins vegar sogaður burt frá kerum og leiddur um þurrhreinsivirki eins og lýst er í kafla 6 um framleiðsluferli.

Á árinu 2016 voru sendar inn tólf formlegar tilkynningar til Umhverfisstofnunar og Heilbrigðis- eftirlits Austurlands. Þeir viðburðir sem voru tilkynntir höfðu mismikil umhverfisáhrif í för með sér, en þau helstu voru eftirfarandi:

- Gasleki á spennu, þar sem að 13 kg af brennisteinshexaflúoríði lak í andrúmsloft.
- Þrjár tilkynningar vegna tíma-bundinnar minnkaðrar hreinsigetu þurrhreinsivirkis, þessir atburðir höfðu í för með sér tímabundna aukningu á losun mengandi efna.
- Óstöðugleiki var í rekstri kerskála frá miðjum júní fram í miðjan júlí, vegna ýmissa samverkandi þátta. Þetta hafði í för með sér aukna losun mengandi lofttegunda og ryks, auk þess sem að þessi óstöðugleiki hafði áhrif á aukna myndun spillefna frá álframleiðslunni.

Í öllum þeim tilvikum sem um ræðir var brugðist skjótt við til að lágmarka umhverfisáhrif. Aðrir atburðir sem tilkynnt var um höfðu ekki í för með sér umhverfisáhrif.

7.1 GRÆNT BÓKHALD 2013 2014 2015 2016 Markmið 2016 Eining

Framleiðsla

Hreint ál	349.910	335.560	344.907	329.994	-	t
-----------	---------	---------	---------	---------	---	---

Hráefna- og auðlindanotkun

Súráll	673.926	646.446	664.292	635.569	-	t
Álfúoríð	5.182	4.665	5.046	6.296	-	t
Forskaut	194.809	192.134	192.487	194.600	-	t
Bakskaut	2.970	2.970	2.070	1.300	-	t
Vatnsnotkun	60.378	41.271	75.858	59.738	-	m ³
Raforka	4.935	4.778	4.863	4.699	-	GWh*
Própan (FX)	460.679	368.441	292.872	285.667	-	l
Lífdísil -B10 (GHS07, GHS08, GHS09)	481.264	504.715	498.324	13.438	-	l
Dísílolía (GHS07, GHS08, GHS09)	44.539	50.672	58.525	526.185	-	l
Bensín (GHS02, GHS07, GHS08, GHS09)	16.487	12.230	3.223	2.971	-	l

Notkun varasamra efna önnur en talin eru upp og auðkennd með varúðarmerkingum í framleiðslu og hráefnis og auðlindanotkun

Koltjörubik (GHS08)	743	743	518	113	-	t
Örveruhemjandi efni (GHS05, GHS09)	23	40	38	65	-	t
Smurólía og smurfeiti	37.252	37.930	37.202	39.144	-	kg
Kælimiðlar	1.065	152	497	589	-	kg

Losun í andrúmsloft

Heildarflúoríð	0,24	0,27	0,29	0,25	<0,26	kg/t áli
Þar af loftkennt flúoríð (HF)	0,15	0,16	0,14	0,15	-	kg/t áli
Þar af Flúoríð í ryki	0,09	0,11	0,14	0,10	-	kg/t áli
Brennisteinssambönd sem SO2	15,18	15,54	14,93	14,08	-	kg/t áli
Þar af frá forskautum	12,62	12,83	12,76	12,86	-	kg/t áli
Þar af frá súráli og COS	2,56	2,71	2,18	1,22	-	kg/t áli
Ryk	0,30	0,35	0,43	0,36	<0,4	kg/t áli
Koltvísýringur (CO2)	1,52	1,55	1,54	1,54	-	t CO ₂ /t áli
Flúorkolefni (PFC)	0,124	0,207	0,191	0,091	<0,1	t CO ₂ -íg /t áli
Brennisteinshexaflúoríð (SF6)	0,05	0,93	0,20	0,95	-	kg CO ₂ -íg /t áli

Aukaafurðir

Til endurvinnslu/endurnýtingar	49.520	52.639	52.006	54.799	-	t
Þar af skautleifar	43.416	43.861	44.432	48.788	-	t
Þar af álfleytur	2.214	2.119	1.540	315	-	t
Til brennslu orkuvinnsla	87	98	93	66	-	t
Til urðunar	162	138	264	333	-	t

Spilliefni

Til endurvinnslu/endurnýtingar	13.978	13.001	9.877	6.573**	-	t
Þar af kerbrot	9.431	9.475	6.405	2.496	-	t
Þar af álgjall	2.298	1.895	1.470	1.687	-	t
Til urðunar	86	92	165	81	-	t
Þar af olíumenguð spilliefni	74	82	165	68	-	t

Aukaafurðir, annað

Raflausn (GHS07, GHS08, GHS09)	4.733	2.119	4.756	2.612	-	t
--------------------------------	-------	-------	-------	-------	---	---

Mælingar í frárennsli til sjávar***

Olía og fita	<2	<2-5	<2	<2-11	-	mg/L
Ál	0,073-0,460	0,1-0,31	0,1-0,65	0,1-0,4	-	mg/L
Flúor	1,60-6,44	3,4-8,4	4,5-8,6	4,1-7,9	-	mg/L

*1 GWh jafngildir 1.000.000 kWh.

**Hluti af magni spilliefna frá framleiðslu verður sent til endurvinnslu á árinu 2017.

***Gildi gefin upp sem lægsta og hæsta mældu gildi fyrir árið.

ÖRYGGI

Markvisst er unnið að umbótum í starfsumhverfi til að tryggja öryggi og heilsu starfsfólks.



7.2 HRÁEFNIS- OG AUÐLINDANOTKUN

Lykiltölur varðandi framleiðslu, hráefnis- og auðlindanotkunar koma fram í kafla 7.1. Framleiðsla áls árið 2016 var 329.994 tonn, sem er lækkun milli ára. Lækkunin stafar af óstöðugleika í framleiðslu sumarið 2016 sem leiddi til þess að taka þurfti 41 ker úr rekstri. Óstöðugleikinn var til kominn vegna margra samverkandi þátta, en einn af stærstu áhrifavöldunum voru framleiðslugallar í nýjum forskautum. Vegna þessa galla jókst notkun á forskautum milli ára. Þetta hafði í för með sér ýmis kæðjuverkandi áhrif og fyrir vikið var súráls- og orkunotkun minni en árið á undan. Vatnsnotkun minnkaði á milli ára sem skýrist að hluta til vegna minnkunar framleiðslu. Rafmagnsnotkun á hvert framleitt tonn af áli var 14.240 kwh.

Allt kælivatn frá iðnaðarferlum er hreinsað í vatnshreinsivirki og endurnýtt í steypuskála og er því ekki veitt í frárennsli. Jafnframt er varmi frá kælivatni nýttur til húshitunar og snjóbræðslu á svæðinu. Vatnsnotkun Fjarðaáls er með því lægsta sem þekkist innan Alcoa samstæðunnar.

Notkun á álflúoríði jókst um 1.250 tonn milli ára. Ástæða hækkunar er sú að natríuminnihald í súráli frá framleiðanda fór hækkandi eftir því sem leið á árið. Hækkun í natríumgildi súráls veldur því að meira álflúoríð þarf inn í ferlið.

Samanlögð notkun jarðefnaeldsneytis á farartæki lækkaði frá fyrra ári. Stærsta breytingin í notkun jarðefnaeldsneytis var sú að í upphafi árs var ákveðið að hætta að nota lífdísil og skipta alfarið yfir í dísilólíu. Þessi ákvörðun var tekin eftir að í ljós kom að röng aðferð við blöndun á lífdísil olli bilunum í olíuverki ökutækja. Afleiðingin

var sú að mörg tæki biluðu á sama tíma og ógnaði það rekstraröryggi verksmiðjunar. Notkun lífdísils var því einungis 13.438 L en aukning á dísilólíu fer úr 58.525 L í 526.185 L. Minnkun í notkun jarðefnaeldsneytis milli ára samsvarar minnkun um 52 tonn ígilda CO₂.

Própannotkun minnkar einnig á milli ára eða um 7.205 L þessi minnkun samsvarar um 8 tonnum CO₂ ígilda. Própan er notað til hitunar á búnaði í steypuskála.

Við endurfóðrun 29 kera voru notuð 1.300 tonn af bakskautum og 520 tonn af leiðurum. Í lok árs 2016 átti eftir að endurfóðra 11 ker af 336 kerum kerskála.

Um áramót 2016–2017 voru 327 ker í rekstri og búið að ræsa upp 32 af þeim kerum sem höfðu verið tekin út á árinu.

Notkun á öðrum efnum er tiltekin í kafla 7.1. Almenn er ekki miklar breytingar í notkun efna milli ára. Helstu breytingar eru minnkun í notkun koltjörubíks, sem er tilkomin vegna færri kera í endurfóðrun samborið við árið 2015. Samhliða er verið að prófa staðgengilsefni sem eru skaðlaus heilsu og umhverfi. Notkun örveruhemjandi efna í kælivatni jókst á árinu, en verið var að skipta út efnun og endurbæta ferli í vatnshreinsivirkinu.

VATN

Vatnsnotkun Fjarðaáls er með því lægsta sem þekkist innan Alcoa samstæðunnar.

7.3 LOSUN Í ANDRÚMSLOFT

Fylgst er með losun helstu mengandi efna en þau eru loftkennt flúoríð (HF), ryk og brennisteinsdíoxíð (SO₂) auk gróðurhúsalofttegundanna koltvísýrings (CO₂), flúorkolefna (PFC) og brennisteinshexaflúoríðs (SF₆). Upplýsingar um losun eru teknar saman í kafla 7.1.

Heildarlosun flúors var 0,25 kg á hvert framleitt áltonn, losun lækkar umtalsvert milli ára og var undir innri markmiðum fyrirtækisins fyrir árið 2016. Heildarlosun var einnig undir innri markmiðum fyrirtækisins og mældist 0,36 kg/t ál, samanborið við 0,43 kg/t ál árið 2015.


Losun brennisteinsdíoxíðs (SO₂) frá skautanotkun var nokkuð undir mörkum þess sem losa má frá forskautum, eða 12,86 kg/t áls. Losunin var mjög svipuð á milli ára (mynd 4). Fylgst er vel með brennisteinsinnihaldi skauta og berast vikulega upplýsingar frá birgjia. Heildarlosun brennisteinssambanda sem SO₂ nam 14,08 kg/t ál.

Losun koltvísýrings (CO₂) er reiknuð út frá notkun forskauta með massajafnvægisreikningum og hefur farið heldur lækkandi milli ára vegna minni framleiðslu.

Á mynd 6 sést losun flúorkolefna (PFC) á árunum 2008–2016. PFC er gróðurhúsalofttegund sem myndast við spennuris í kerum og útblástur þessara efna er reiknaður út frá fjölda og tímalengd spennurisa. Árið 2016 voru losuð 0,091 tonn CO₂-ígilda af PFC efnun á hvert framleitt áltonn. Losun á PFC efnun lækkar nokkuð frá fyrra ári. Lækkun er til komin vegna útskiptingar á búnaði í kerum sem tryggir öruggari súrálsmötun. Einnig voru gerðar sértækar PFC mælingar í reykhláfi fyrirtækisins sem leiddu til lækkunar.

Mynd 2


LOSUN HEILDARFLÚORÍÐS ÁRIN 2008 TIL 2016



*Fyrirvari vegna óvissu um losun ryks um reykhláf á tímabilinu maí-ágúst 2012

Mynd 3


LOSUN RYKS ÁRIN 2008 TIL 2016



*Fyrirvari vegna óvissu um losun ryks um reykhláf á tímabilinu maí-ágúst 2012


Mynd 4

LOSUN BRENNISTEINSDÍÓXÍÐS (SO₂) FRÁ FORSKAUTUM




Mynd 5

LOSUN KOLTVÍSÝRINGS (CO₂)



Mynd 6

LOSUN FLÚORKOLEFNA (PFC)



Lækkun í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslu milli ára nam 58.057 tonnnum ígilda CO₂.

Á árinu voru notuð 13 kg til áfyllingar af brennisteinshexaflúoríði (SF₆) á búnað þar sem suða gaf sig á gasmæli og olli leka á einum afriðlanna. Gasið er notað sem einangrunargas í háspennubúnaði. Notkun á SF₆ árið 2015 samvarar 0,20 kg CO₂-ígildi/t ál á móti 0,95 kg CO₂-ígildi/t ál árið 2016. Þessi losun jafngildir um 313 tonnnum CO₂ ígilda.

7.4 HÁVAÐI

Alcoa Fjarðaál þarf að uppfylla skilyrði um hávaðamengun. Þessar mælingar skal gera á 8 ára fresti samkvæmt mæliáætlun, eða ef gerðar eru breytingar á rekstri, í samræmi við reglugerð 724/2008 um hávaða. Síðustu mælingar voru gerðar árið 2012 þegar kersmiðjan tók til starfa, og voru niðurstöður undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða. Þar sem ekki eru áætlaðar breytingar í starfsemi fyrirtækisins verða næstu mælingar gerðar árið 2020.

7.5 AUKAAFURÐIR

Alcoa Fjarðaál hefur þá sýn að hægt sé að endurvinna allar aukaafurðir og að urðun sé síðasti kostur. Fyrirtækið leggur áherslu á að leita leiða til að koma aukaafurðum frá framleiðslu til endurvinnslu í stað urðunar, en markmið móðurfélagsins eru að árið 2030 fari engar aukaafurðir til urðunar.

Flokkun á upprunastað er undirstaða þess að hægt er að koma stærstum hluta aukaafurða til endurvinnslu frá fyrirtækinu. En að auki er stöðugt leitað tækifæra við lágmörkun og að koma í veg fyrir myndun aukaafurða.

Alls var magn aukaafurða á árinu 61.856 tonn. Þar af fóru 333 tonn til urðunar, eða um 0,54%. Urðunarhlutfall hækkar frá fyrra ári, en heildarmagn aukaafurða er svipað.

Á undanförunum árum hefur verið aukning í heildarmagni aukaafurða vegna endurfóðrunar kera. Þessari starfsemi fylgir einnig aukin magn umbúða sem koma þarf í endurvinnslu og hefur í því samhengi sést aukning í magni pappa og timburs. Á árinu 2016 hægði umtalsvert á kerfóðrun og því hefði heildarmagn aukaafurða átt að minnka milli ára en vegna óstöðugleika í rekstri kerskálans jókst magn spilliefna frá framleiðslu.

Mestur hluti, eða um 96% aukaafurða verða til vegna framleiðslunnar. Á mynd 7 má sjá hlutfall aukaafurða og spilliefna, annars vegar frá framleiðslunni og hins vegar frá almennum rekstri. Einnig sést hlutfallslegt magn aukaafurða sem fór til urðunar af heildarmagni. Hreinsaðar forskautaleifar eru um 85% af heildarmagni þeirra aukaafurða sem eru sendar til endurvinnslu. Þær eru endurunnar í Mosjøen í Noregi og notaðar í ný forskaut. Hluti af magni spilliefna frá framleiðslu 2016 verður flutt til endurvinnslu á árinu 2017.

7.6 FRÁRENNSLI

Niðurstöður fyrir mæligildi í frárennsli er finna í kafla 7.1.

Skólp frá fyrirtækinu og nærliggjandi iðnaðarsvæði er meðhöndlað í hreinsivirki Bólholts ehf. sem staðsett er á iðnaðarsvæðinu við Hraun. Skólpíð fer í gegnum fjögurra þrepa hreinsun áður en því er veitt til sjávar. Föstum efnun úr skólphreinsistöð er komið til endurvinnslu í jarðvegsgerð í tengslum við skógrækt.

Frárennsli af svæðum þar sem unnið er með olíu eða efnavöru er leitt í gegnum olúskiljur og frárennsli frá eldhúsi er leitt gegnum fitugildru. eru þær tæmdar reglulega og olíumenguðu vatni komið í úrvinnslu hjá viðeigandi aðilum.

Yfirborðsvatn af iðnaðarlóð er leitt um settjarnir áður en það rennur til sjávar. Sýni eru tekin úr frárennsli tjarna að hausti og vori. Sýnin árið 2016 voru vel undir starfsleyfismörkum. Niðurstöður mælinga á áli, olíu/fitu og flúoríðum eru gefnar upp sem hæsta og lægsta gildi í kafla 7.1. Samkvæmt starfsleyfi má magn svifagna í frárennsli ekki aukast um meira en 10 mg/L miðað við mælt magn í innrennsli. Mesta hækking mældist í einu sýni 5 mg/L en almennt var um lækkun að ræða.


7.7 HELSTU MÆLANLEG MARKMIÐ Í UMHVÆRISMÁLUM

- Alcoa Fjarðaál hyggst draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá farartækjum á vegum fyrirtækisins um 20% fyrir árið 2020.
- Fyrirhugað er að minnka heildarmagn aukaafurða um 20% fyrir árið 2025.

LÆKKUN


Lækkun í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslu milli ára nam 58.057 tonnnum ígilda CO₂.

HLUTFALLSLEG SKIPTING OG RÁÐSTÖFUN AUKAAFURÐA ÁRIÐ 2016



UPPRUNI

- Aukaafurðir frá rekstri
- Spilliefni
- Spilliefni frá framleiðslu
- Aukaafurðir frá framleiðslu



RÁÐSTÖFUN

- Endurnýtt/endurunnið
- Urðun
- Brennsla/orkuvinnsla



08

MANNAUÐUR

Jafnréttisstefna Alcoa Fjarðaáls er unnin út frá lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Starfsmenn Fjarðaáls voru um 550 á árinu 2016. Þar af eru konur um 25% starfsmanna sem er hæsta hlutfall sem þekktist innan álvera Alcoa. Starfsmannavelta á síðastliðnu ári var 8,7%. Framkvæmdastjórn Fjarðaáls var skipuð níu manns á árinu 2016, tveimur konum og sjö karlmönnum. Fimm framkvæmdastjórnar voru frá Austurland og fjórir voru aðfluttir. Fjarðaál hefur þá stefnu að útvista þeim verkefnum í starfsemi sem ekki tilheyrja kjarnastarfsemi, þannig rennir fyrirtækið stoðum undir uppbyggingu og rekstur annarra fyrirtækja og frekari atvinnuuppbyggingu í landinu, ekki síst nærsamfélaginu. Samtals vinna um 350 manns á vegum annarra fyrirtækja í álverinu eða á álverssvæðinu. Alls hafa því níu hundruð manns atvinnu á álverssvæðinu við Reyðarfjörð.

Verktakar starfa meðal annars við rekstur mótuneytis, verkfræðihönnun og framkvæmd fjárfestingaverkefna, starfsmannaakstur, innkaup og lagerhald á rekstrarvörum og varahlutum, við vélsmíði og viðhald, hafnarstarfsemi og vöruflutninga svo eitthvað sé nefnt.

8.1 JAFNRÉTTISMÁL

Félagið fylgir eftir aðgerðarbundinni jafnréttisáætlun og eru allir starfsmenn ábyrgir fyrir því að henni sé framfylgt. Jafnréttisstefna Alcoa Fjarðaáls er unnin út frá lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Alcoa Fjarðaál stefnir að því að helmingur starfsmanna fyrirtækisins verði konur og tengir jafnréttisstefnu sína jafnframt við gildin sem Alcoa starfar

eftir um allan heim. Öll störf innan fyrirtækisins eru opin báðum kynjum og skulu því hönnuð á þann veg að bæði kyn geti unnið þau á öruggan hátt. Báðir foreldrar eru hvattir til að huga að samræmingu fjölskyldulífs og vinnu og axla jafna ábyrgð á uppeldi og umönnun barna sinna.

Hjá Alcoa Fjarðaáli er kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og einelti ekki liðið og eru slík mál tekin föstum tökum. Í jafnréttisstefnunni segir að félagið vinni vörur eftir nýjstu tækni og eru kraftar og hæfileikar beggja kynja nýttir.

Í jafnréttisáætluninni eru tilgreindir ábyrgðaraðilar að úrbótum og endurskoðun hennar. Framkvæmdastjóri mannauðsmála ber ábyrgð á að jafnréttisáætlun sé framfylgt. Jafnréttisnefnd ber ábyrgð á eftirfylgni ef frávik verða.

8.2 MANNAUÐURINN

Á síðunni hér til hliðar má sjá yfirlitstölur yfir samsetningu vinnuafns hjá Fjarðaáli og lykiltölur er varða mannaúðinn. Laun karla og kvenna eru sambærileg samkvæmt vinnustaðasamningum, en lægri starfsaldur kvenna að meðaltali útskýrir lægra hlutfall. Flokkur stjórnenda telur bæði stjórnendur og milli-stjórnendur. Þar voru sjö konur af 30, þar af tvær í framkvæmdastjórn 2016. Í þeim störfum þar sem konur eru í áberandi minnihluta s.s. meðal iðnaðarmanna hefur hlutfallsleg breyting meðal kvenna áhrif til breytinga í launahlutföllum.

8.3 FJÖLSKYLDUVÆNT VAKTAKERFI

Á árinu 2016 voru gerðar breytingar á vaktakerfi fyrirtækisins og vaktir stytta út tólf tímum í átta tíma og vakthópum fjölgað um einn. Um 50

nýir starfsmenn voru ráðnir inn í tengslum við þessa breytingu. Markmiðið er að stuðla að auknu jafnvægi milli atvinnu og einkalífs. Með þessum breytingum ætti jafnframt að skapast meiri tími fyrir starfsfólk að taka þátt í samfélaginu. Konur hafa ávallt verið hvattar til að sækja um öll störf sem auglýst eru hjá fyrirtækinu og er það von fyrirtækisins að breytt vaktakerfi verði til þess að hækka hlutfall kvenna hjá fyrirtækinu. Á árinu 2016 var hlutfall kvenna 25% sem er það hæsta sem þekkist hjá álverum innan Alcoa.

8.4 STARFS- OG SIÐAREGLUR

Starfs- og siðareglur Alcoa eru vegvísir fyrir heilindi starfsmanna og góða viðskiptahætti. Markmiðið er að þær veiti starfsmönnum leiðsögn til að uppfylla viðmið félagsins hvað varðar góða viðskiptahætti sem snýr fyrst og fremst að því hvernig hvernig félagið vill stunda viðskipti í heiminum. Starfsreglurnar eru endurskoðaðar árlega og fá starfsmenn markvissa fræðslu vegna þessa. Starfsmenn eru hvattir til að tilkynna meðal annars brot af ýmsu tagi, líkt og spillingu, brot á mannréttindum, mismunum eða einelti, brot á hugverkaréttindum og mögulegum öryggisógnunum. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu félagsins.

8.5 ÖRYGGI

Mikil áhersla er lögð á öryggi og heilsu starfsfólks hjá Alcoa Fjarðaáli og eru þessi mál alltaf í forgangi ásamt umhverfismálum. Unnið er markvisst að því að útrýma hættum, lágmarka mengun, efla heilsu og stuðla að öruggu vinnuumhverfi. Sú hugmyndafræði sem notast er við þegar kemur að því að greina hættur, meta aðstæður og fyrir-

byggja frávik eða slys nefnist „Mannleg hegðun“. Þessi nálgun hefur reynst vel og góður árangur hefur náðst í fækkun alvarlegra frávika. Mikil áhersla er lögð á rétt starfsfólks til að „Stoppa og leita sér hjálpar“ ef það er óöruggt með eitthvað í sínu starfi ásamt því að halda verkfundi áður en verk hefst ef hætta á slysum er talin vera til staðar.

Alcoa Fjarðaál fylgir stefnu sinni og móðurfélagsins í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum:

- Markvisst er unnið að umbótum í starfsumhverfi til að tryggja öryggi og heilsu starfsfólks.
- Öll slys og óhöpp eru skráð til að læra af þeim.
- Félagið er vottað af OHSAS 18001 heilsu- og öryggisstjórnunarkerfinu.
- Allir starfsmenn fá grunnþjálfun í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum.

8.6 HEILSA OG VELFERÐ

Hjá Alcoa Fjarðaáli er starfrækt heilsueflingarnefnd sem skipuleggur ýmsa hreyfivíðburði og heilsueflingu. Eitt aðalviðfangsefni nefndarinnar hefur verið að skipuleggja ýmsa viðburði til styrktar góðum málefnum. Í tengslum við hvern viðburð er valið góðgerðarfélag sem hlýtur styrk að upphæð 360 þúsund krónur. Heilsueflingarnefnd Fjarðaáls stóð fyrir tíu viðburðum til styrktar krabbameinsfélögum, sjúkrahúsum og starfsbrautum framhaldsskóla á Austurlandi.

Heilsueflingarnefndin hélt jafnframt utan um Garpakeppnina sem haldin var annað árið í röð. Í henni felst sú áskorun að taka þátt í sem flestum skipulögðum hreyfivíðburðum á Íslandi eða erlendis á tímabilinu 1. apríl til 30. september. Í tengslum við keppnina var jafnframt haldin ljósmyndakeppni tengd útivist eða hreyfingu.

Laun kvenna sem hlutfall af launum karla eftir störfum	2015	2016
Stjórnendur	98%	98%
Sérfræðingar	93%	95%
Verkfræðingar	68%	79%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	86%	89%
Skrifstofufólk	104%	100%
Þjónustu- og verslunarfólk	82%	96%
Iðnaðarmenn	86%	90%
Véla- og vélgæslufólk	92%	92%

Samsetning vinnuafns	Karlar	Konur	Samtals
Heildarfjöldi	418	136	554
Framleiðslustarfsmenn	244	85	329
Iðnaðarmenn	74	7	81
Sérfræðingar og stjórnendur	100	44	144

Endurkomuhlutfall eftir fæðingarorlof	Karlar	Konur	Samtals
Fóru í fæðingarorlof	76	19	95
Hlutfall af heildarfjölda sem fór í fæðingarorlof	18%	14%	17%
Sneru aftur eftir fæðingarorlof	75	12	87
Hlutfall sem sneri aftur eftir fæðingarorlof	99%	63%	92%

Búseta starfsmanna Fjarðaáls	2016
Búseta í Fjarðabyggð	61,70%
Búseta á Fljótshálsá	29,20%
Búseta annarsstaðar á Austurlandi	3,60%
Búseta annarsstaðar á landinu	5,40%

Nýráðningar 2016	Heildarfjöldi
Fastráðningar	110
Tímabundnar ráðningar	41
Ráðningar sumarstarfsmanna	113
Íhlaupastarfsmenn í tímavinnu	59

Búseta nýrra starfsmanna Fjarðaáls árið 2016	Við ráðningu
Búseta í Fjarðabyggð	70%
Búseta á Fljótshálsá	22%
Búseta annarsstaðar á Austurlandi	5%
Búseta annarsstaðar á landinu	3%

Blóðbankinn kom í blóðsöfnun á heilsugæslu fyrirtækisins tvisvar á árinu 2016. Blóðsöfnunin var opin öllum, ekki bara starfsmönnum Fjarðaáls. Þessar heimsóknir heppnuðust afar vel en alls mættu 153 sem ýmist gáfu blóð eða komu í skoðun til að geta gerst blóðgjafar. Í framhaldi af þessum vel heppnuðu heimsóknum var ákveðið að heilsugæsla Fjarðaáls yrði miðstöð fyrir Blóðbankann á Austfjörðum og mun hann framvegis koma tvisvar á ári í blóðsöfnun.

Árlegar heilsufarsskoðanir eru framkvæmdar á starfsmönnum sem sinna störfum þar sem styrkur mengandi efna getur farið yfir viðmiðunarmörk. Á síðasta ári voru þær 121. Allir nýir starfsmenn hjá Alcoa Fjarðaáli fara í heilsufarsskoðun við ráðningu. Auk þess fara þeir starfsmenn sem vinna á framleiðsluvæðunum árlega í heilsufarsskoðun þar sem meðal annars eru gerðar heyrnar- og öndunarmælingar sem forvörn gegn atvinnutengdum sjúkdómum. Júnímánuður var tileinkaður heilsufarismælingum þar sem starfsmenn voru hvattir til mæta á heilsugæslu Fjarðaáls í mælingu. Á síðasta ári mættu 384 starfsmenn í mælingu.

8.7 HLUNNINDI FASTRÁÐINNA STARFSMANNA

Starfsmönnum Alcoa Fjarðaáls er boðið upp á frítt mótuneyti á vinnustaðnum, aðgengi að heilsugæslu í vinnunni, líkamsræktarstyrki, stuðning í námi og stuðning í fæðingarorlofi. Þá niðurgreiðir fyrirtækið flugfargjöld sem starfsfólk getur nýtt sér. Öflug velferðarþjónusta er rekin fyrir starfsfólk og nánustu ættingja þeirra þar sem boðið er upp á ýmisskonar sérfræðiþjónustu. Velferðarþjónusta Alcoa Fjarðaáls felur það í sér að starfsmenn og

nánustu ættingjar þeirra geta leitað aðstoðar hjá breiðum hópi fagaðila vegna persónulegra erfiðleika eða óvæntra áfalla. Þjónustan er starfsmönnum að kostnaðarlausu og án milligöngu stjórnenda fyrirtækisins. Fullur trúnaður er viðhafður og upplýsingar ekki veittar til vinnustaðar. Um er að ræða sex tíma á ári á sviði fjármálaráðgjafar, lögfræðiaðstoðar, sálfræðiráðgjafar, lífsstílsráðgjafar og svefnmeðferðar á netinu svo dæmi séu tekin. Algengast hefur verið um að starfsmenn nýti sér lögfræði- og sálfræðiþjónustu.

8.8 FRÆÐSLA OG ENDURMENNTUN

Metnaður er lagður í menntun, þjálfun og fræðslu starfsfólks á hverjum degi. Fyrirtækið rekur stóriðjuskóla sem er samstarfsverkefni Fjarðaáls, Austurbrúar og Verkmenntaskóla Austurlands en um 50 nemendur stunda nám við skólann á hverjum tíma. Lykillinn að því að hámarka og viðhalda þekkingu, hæfni og reynslu innan fyrirtækisins er að allt starfsfólk sé reiðubúið að miðla sín á milli í gegnum fræðslustarf og skipulag fyrirtækisins. Þá býður fyrirtækið fólki sem vill bæta við sig námi til að efla sig í starfi stuðning hvort sem námið er á framhaldsskóla- eða háskólastigi.

Starfsmenn eru boðaðir árlega í starfsmanna- og frammistöðusamtöl. Markmiðið er að meta fræðsluþörf starfsmanna og mögulega starfsþróun byggd á styrkleikum og áhuga viðkomandi starfsmanna.

Á árinu 2016 vörðu starfsmenn Fjarðaáls 67.905 klukkustundum til þjálfunar og var það aukning milli ára um 3.165 stundir. Hver starfsmaður notar um 7,4% af sínum vinnutíma til þjálfunar.

Öllum starfsmönnum Alcoa Fjarðaáls ber skylda að sækja námskeið einu sinni á ári í að bera kennsl á spillingu sem tekið er í gegnum netið með kennsluforritinu Alcoa Learn. Alcoa Fjarðaál hefur aldrei verið sektað vegna brota á lögum eða reglugerðum.

8.9 SLYS OG FRÁVIK GAGNVART HEILSU OG ÖRYGGI

Næstum-því-slys, slys og frávik gagnvart heilsu og öryggi eru skráð inn í atvikaskráningakerfi og tilkynnt í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Gerðar eru rannsóknir og settar upp fyrirbyggjandi aðgerðir til þess að samskonar atvik endurtaki sig ekki. Á síðastliðnu ári voru skráð 18 næstum-því-slys og fjarveruslys voru tvö. Fjöldi tilkynnta vinnuslysa á hverjar 200 þúsund vinnustundir voru 0,44.

8.10 MEGINMARKMIÐ FYRIR ÁRIÐ 2017

- Alcoa Fjarðaál hljóti jafnlaunavottun á árinu 2017.
- Alcoa Fjarðaál stefnir að vottun gagnvart staðli Alcoa um „Mannlega hegðun“, með lágmarkseinkunn 2,5 af 3 mögulegum.

MENNTUN

Metnaður er lagður í menntun, þjálfun og fræðslu starfsfólks á hverjum degi.



09

SAMFÉLAG

Alcoa Fjarðaál leggur mikla áherslu á opið og virkt samtal við nærsamfélagið.

Alcoa Fjarðaál telur að forsenda þess að treysta hag hluthafa og hagsmunaaðila liggja í góðum stjórnarháttum þar sem hlutverk og ábyrgð stjórnenda eru skýr. Alcoa Fjarðaál leggur mikla áherslu á opið og virkt samtal við nærsamfélagið. Stjórnendur eiga í virkum samskiptum við hagsmunaaðila og funda með þeim um sameiginleg hagsmunamál. Alcoa Fjarðaál og Alcoa Foundation leggja fé til mikilvægra málefna, menningarviðburða og verkefna á Íslandi. Alcoa Fjarðaál hefur vaktað samfélagsvísa frá því rekstur álversins hófst.

9.1 STYRKIR TIL GÓÐRA VERKA

Samfélagssjóður Fjarðaáls úthlutar styrkjum tvisvar á ári en í úthlutunarnefnd sjóðsins situr fólk sem kemur víðsvegar úr samfélaginu ásamt fulltrúum frá Fjarðaáli. Þá

úthlutar samfélagssjóður Alcoa, Alcoa Foundation, einnig myndarlegum styrkjum á hverju ári. Styrkjum er fyrst og fremst beint til nærsamfélagsins fyrir austan en menningar-, tómstunda- og skólastarf auk umhverfisverkefna er meðal þess sem notið hefur góðs af styrkjum frá fyrirtækinu. Árið 2016 var 130 milljónum króna varið í styrki til samfélagsverkefna. Sem dæmi má nefna styrk til björgunar-sveitarinnar Ársólur á Reyðarfirði til kaupa á bíl fyrir sveitina og til Náttúrustofu Austurlands til að halda fimm daga náttúrufræðinámskeið í Neskaupstað fyrir börn Vinir Vatnajökuls eru hollvinasamtök Vatnajökulsþjóðgarðs sem styrkja rannsóknir, kynningar- og fræðslustarf og stuðla að því að sem flestir geti notið náttúru og sögu Vatnajökulsþjóðgarðs. Fjarðaál hefur árlega veitt 50 til 70 milljónum króna til hollvinasamtakanna. Heildarframlag Fjarðaáls frá stofn-

un samtakanna nemur rúmum 500 milljónum króna.

Alcoa Fjarðaál og sveitarfélagið Fjarðabyggð hafa á undanförunum árum unnið að því að efla áhuga ungs fólks á Austfjörðum á verk- og tæknimenntun í gegnum verkefnið „Verklegt er vitið“ sem varð til fyrir tilstuðlan styrks frá Alcoa Foundation. Aðstaða til kennslu var bætt, námsframboð á verklegum valgreinum var aukið og nemendur hvattir til nýsköpunar. Fjöldi þeirra sem völdu verk- og tækninám að loknum grunnskóla í Fjarðabyggð tvöfaldaðist á aðeins þremur árum með tilkomu verkefnisins. Á árinu 2016 var veittur styrkur til að koma álíka verkefni á fót í grunnskólum Fljótsdalshéraðs. Þá styrkti sjóðurinn einnig Háskólann í Reykjavík til að efla menntun á sviði efnaverkfræði. Þessir tveir styrkir námu samtals um 17 milljónum króna.

Á degi jarðarinnar árið 2003 lýsti Alcoa Corp., móðurfélag Alcoa Fjarðaáls, yfir þeirri stefnu að standa að gróðursetningu tíu milljón trjáa víða um heim fyrir árið 2020, en sá fjöldi dugar til að soga til sín um 250.000 tonn af koltvísýringi á ári. Alcoa Fjarðaál hefur tekið þátt í þessu átaki, m.a. í samvinnu við Skógræktarfélag Íslands og félög á svæðinu. Í árslok 2016 var fjöldi plantna sem hafa verið gróðursett á vegum Alcoa Fjarðaáls kominn í 119.924.

SJÁLFBODAVINNA

Starfsmenn Alcoa eru hvattir til þess að taka þátt í sjálfbodaliðastarfi við samfélagsverkefni af ýmsu tagi.

9.2 SAMFÉLAGSVIÐBURÐIR OG SJÁLFBODAVINNA

Starfsmenn Alcoa eru hvattir til þess að taka þátt í sjálfbodaliðastarfi við samfélagsverkefni af ýmsu tagi. Hjá Fjarðaáli hefur mikil áhersla verið lögð á þennan þátt með því að hvetja starfsmenn til að taka þátt í svokölluðum „Action“ og „Alcoans in Motion“ verkefnum móðurfélagsins. Action er stytting á orðasambandinu „Alcoans Coming Together in Our Neighbourhood.“ Þessi hugmynd byggir á því að starfsmaður óskar eftir stuðningi annarra starfsmanna í formi vinnuframlags í sjálfbodavinnu. Þá eru félagar í samtökunum líka hvattir til að mæta, ásamt fjölskyldum sínum. Unnið er samfleytt í fjóra tíma. Ef tíu starfsmenn eða fleiri mæta á atburðinn, greiðir Alcoa 360 þúsund krónur beint til félagsamtakanna til að standa straum af t.d. hráefniskostnaði, málningu og þess háttar.

Starfsmenn hafa á undanförunum árum ráðist í tíu verkefni á ári en vegna skiptingar Alcoa í tvö fyrirtæki (Arconic og Alcoa) á árinu 2016 var ótakmarkaður fjöldi verkefna samþykktur. Starfsmenn Fjarðaáls réðust í samtals 21 verkefni á árinu 2016. Í verkefnunum tóku alls 126 starfsmenn þátt auk þess tóku 155 fjölskyldumeðlimir og félagsmenn samtakanna þátt. Með þessum verkefnum greiddi Alcoa um 7,5 milljónir króna. Meðal annars var aðstaða til íþróttaiðkunar bætt fyrir tvö skíðafélög, tvö skotfélög, þrjú golfklúbba, tvö knattspyrnufélög og brettafélag.

„Alcoans in Motion“ felst í átaki starfsmanna sem taka sig saman og hreyfa sig, t.d. að ganga á fjall, synda eða hjóla ákveðna vegalengd, eða hvaðeina sem þeim dettur í hug að gera til að hreyfa sig saman. Starfsmennirnir ákveða hvaða góðgerðarfélag fær styrkinn sem fylgir verkefninu frá Alcoa, að upphæð 360 þúsund króna. Á árinu 2016 var

ótakmarkaður fjöldi verkefna og heilsueflingarteymið nýtti sér það til hins ítrasta. Ráðist var í tíu verkefni sem skiluðu samtals 3,6 milljónum til góðgerðamála á Mið-Austurlandi.

Alls tóku 43% starfsmanna þátt í sjálfbodaliðaverkum árið 2016 en markmiðið er að 60% starfsmanna taki þátt í slíkum verkefnum og því náðist það markmið ekki á síðasta ári. Reyndar þarf að taka tillit til þess að ein tegund sjálfbodastyrkja, svokallaðir Bravo styrkir sem voru greiddir til félagsamtaka vegna þátttöku starfsmanna í sjálfbodaliðastarfi til dæmis hjá Þjörgunar-sveitum eða íþróttafélögum, voru felldir niður árið 2016 hjá móðurfélaginu.

Á hverju ári er konum á Austurlandi boðið að sækja Fjarðaál heim þann 19. júní í tilefni af kvenréttindadeginum. Þeim er boðið upp á veitingar og skemmtun í bland við fróðleik. Markmið Fjarðaáls er að hjá fyrirtækinu starfi jafn margar konur og karlar og er þessi dagur liður í því að kynna fyrirtækið fyrir konum og sýna fram á að störfín í álverinu eru fyrir bæði kyn. Aðalmarkmiðið með þessum degi er þó að konur komi saman og skemmti sér og fagni þeim árangri sem náðst hefur í jafnréttismálum á Íslandi.


9.3 SAMSKIPTI VIÐ HAGSMUNAAÐILA

Ein af forsendum þess að fyrirtæki geti starfað með góðu móti er sátt við samfélagið sem það starfar í. Virkt samtal við samfélagið er ein af meginstöðunum í samfélagsstefnu Fjarðaáls og árlega er mæld ánægja íbúa á Mið-Austurlandi með fyrirtækið. Árið 2016 reyndust 73% svarenda jákvæðir í garð Alcoa Fjarðaáls og er það í annað skipti síðan mælingar hófust árið 2004, sem markmið náðist ekki um að 75% íbúa eða fleiri séu jákvæðir í garð fyrirtækisins.

Mynd 8

GREINING Á HAGSMUNAAÐILUM FÉLAGSINS

Greining á hagsmunaaðilum félagsins skiptist í beina hagsmunaaðila, nærumhverfi, samfélag og alþjóðumhverfi.



Dæmi um það hvernig fyrirtækið kemur upplýsingum til íbúa er að á hverju ári fá íbúar á Mið-Austurlandi sent heim skjal með helstu upplýsingum um starfsemi fyrirtækisins svo sem lykiltölur úr rekstri og árangur í umhverfis- og mannauðsmálum. Árlega er gefið út tímarit Fjarðaáls, Fjarðaálsfréttir, sem einnig er dreift inn á öll heimili á svæðinu en þar eru upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins auk fjölda viðtala við starfsfólk Fjarðaáls og sagt frá verkefnum sem hafa fengið styrki frá fyrirtækinu. Ennfremur er Fjarðaál með fasta síðu í Austurglugganum aðra hverja viku þar sem fluttar eru fréttir af fyrirtækinu.

Fjarðaál hefur frá stofnun staðið fyrir íbúafundum á Mið-Austurlandi þar sem greint er frá starfsemi fyrirtækisins með sérstakri áherslu á umhverfismálin. Á þessum fundum hafa íbúar fengið tækifæri til að eiga gagnvirkt samtali við forsvarsmenn fyrirtækisins og koma á framfæri ábendingum. Frá árinu 2016 tók Umhverfisstofnun við því að halda þessa fundi og greina frá niðurstöðu umhverfismælikvarða en Fjarðaál á eftir sem áður aðkomu að fundunum og hægt er að koma ábendingum á framfæri til fyrirtækisins þar. Þá er einnig auðvelt fyrir íbúa að koma á framfæri ábendingum til fyrirtækisins í gegnum síma eða tölvupóst.

Reglulegir fundir eru með bæjarráðum bæði Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs til að upplýsa bæjaryfirvöld um það sem efst er á baugi hjá fyrirtækinu og einu sinni á ári er öllu sveitastjórnarfélagi af Mið-Austurlandi boðið til fundar í álverinu þar sem tækifæri gefst til að ræða sameiginlega hagsmuni og fara yfir það helsta sem er á döfinni bæði hjá fyrirtækinu og sveitarfélögunum. Þessir fundir hafa verið afar gagn-

legir og oft hafa komið gestir með fróðleg erindi á fundinn sem varða til dæmis samgöngu-, samfélags- ábyrgðar- og umhverfismál.

Regluleg samskipti eru einnig við aðra hagsmunaaðila svo sem bændur á svæðinu, þingmenn kjördæmisins og ráðherra sem hafa með málaflokka fyrirtækisins að gera. Fjarðaál er aðili að Samáli, samtökum álframleiðenda á Íslandi og er einnig aðili að Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins.

Góð upplýsingagjöf skiptir miklu máli í starfsemi félagsins bæði innan fyrirtækisins og hjá verktökum. Reglulegir starfsmannafundir eru haldnir með öllum starfsmönnum þar sem fjallað er um málefni og stöðu fyrirtækisins frá ýmsum hliðum. Árlega eru lagðar kannanir fyrir starfsfólk Fjarðaáls þar sem starfsánægja er meðal annars könnuð. Hlutfall starfsmanna sem voru ánægðir með Alcoa Fjarðaál sem vinnustað var 4,22 árið 2016, mælt á kvarðanum 0-5.

Einnig eru reglulegir fundir með verktakafyrirtækjum þar sem farið er yfir helstu mál og stöðu í málaflokkum sem tengjast m.a. rekstri fyrirtækisins, umhverfi, heilsu og öryggi.

9.4 SJÁLFBÆR ÞRÓUN Á AUSTURLANDI

Sjálfbærni- og Landvirkjunar var sett á laggirnar árið 2004 til að fylgjast með áhrifum framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og álverinu í Reyðarfirði á samfélag, umhverfi og efnahag á Austurlandi. Markmiðið er að fylgjast er með þróun vísa sem í flestum tilfellum eru tölulegir mælikvarðar sem gefa vísendingu um þróun umhverfis-, efnahags- og

samfélagsmála á byggingar- og rekstrartíma álvers og virkjunar. Verkefnið er kynnt á heimasíðunni <http://www.sjalfbaerni.is>.

9.5 MEGINMARKMIÐ FYRIR 2017

- Fyrirtækið mun halda áfram að veita frjálsum félagasamtökum á Austurlandi samfélagsstyrki að lágmarki að upphæð 100 milljónum króna á ári. Ennfremur mun félagið birta upplýsingar um styrkhafa og upphæðir.
- Alcoa Fjarðaál hvetur starfsmenn sína markvisst til þátttöku í sjálfbærni- og umhverfisstarfi. Kannað verður hvort að breyting á vaktafyrirkomulagi í mars 2016 hafi haft jákvæð áhrif á þátttöku starfsmanna í sjálfbærni- og samfélagsviðburðum. Að 60% starfsmanna taki þátt í viðburði tengdum sjálfbærni og samfélagsviðburðum.
- Að lágmarki 75% íbúa á Mið-Austurlandi séu jákvæðir gagnvart Fjarðaáli og að starfsánægja hjá Fjarðaáli haldist að lágmarki 4,22.

UPPLÝSINGAR

Á hverju ári fá íbúar á Mið-Austurlandi sent heim skjal með helstu upplýsingum um starfsemi fyrirtækisins svo sem lykiltölur úr rekstri og árangur í umhverfis- og mannauðsmálum.



10

EFNAHAGUR OG VIRÐISKEÐJAN

Hjá fyrirtækinu störfuðu að jafnaði 550 starfsmenn á árinu 2016

Ein af áherslum Fjarðaáls í samfélagsábyrgð er að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi. Alcoa Fjarðaál býður út ýmsa stöðþjónustu til fyrirtækja og gerir þeim þannig kleift að byggja upp starfsemi sína á svæðinu. Félagið hvetur viðskiptavinum, birgja og þjónustuaðila til aukinnar samfélagslegrar ábyrgðar. Alcoa Fjarðaál tekur tillit til umhverfisstefnu birgja og þjónustuaðila sem félagið á viðskipti við.

10.1 LYKILTÖLUR

Útflutningsverðmæti félagsins á árinu 2016 var 71 milljarður króna og af þeim tekjum urðu um 39% eftir í landinu, eða um 28 milljarður króna, í formi opinberra gjalda, launa og innkaupa frá innlendum birgjum á vöru og þjónustu.

Alcoa skilar verðmætum til samfélagsins með ýmsum hætti, meðal annars í formi skattgreiðslna en félagið greiddi 1 milljarð króna í skatta og opinber gjöld á Íslandi árið 2016. Þá voru gjaldfærðar rúmlega 148 m.kr. vegna ETS losunarheimilda sem greiddar voru til Evrópusambandsins. Fjárfesting Alcoa í álverinu á Reyðarfirði er ein stærsta erlenda fjárfesting hér á landi og nam um 230 milljörðum króna.

Hjá fyrirtækinu störfuðu að jafnaði 550 starfsmenn á árinu 2016 og námu launagreiðslur ásamt launatengdum gjöldum 6 milljörðum íslenskra króna. Vinnustaðasamningur Alcoa Fjarðaáls við Afl Starfsgreinafélag og Rafiðnaðasambandið nær til flestra starfsmanna, eða 74%. Aðrir starfsmenn eru með persónubundna samninga, tryggða af kjarasamningi milli VR og Samtaka atvinnulífsins.



11

ÁRITUN ENDURSKOÐANDA

10.2 SAMSTARF VIÐ BIRGJA

Sérstakur forvalsgrunnur er notaður við val á birgjum sem vinna innan lóðar Alcoa Fjarðaáls, en nýjir birgjar þurfa að svara spurningum samkvæmt birgjastaðli Alcoa. Á þeim forsendum er tekin ákvörðun hvort birgjar teljast hæfir til samstarfs. Lögð er áhersla á fylgni við gildandi lög og reglugerðir ásamt ábyrgð í umhverfis-, heilsu-, og öryggismálum. Einnig er krafa á að umsækjendur svari spurningum varðandi spillingu og að vinnuréttindi starfsmanna séu virt. Umsjónaraðili verktaka hjá Fjarðaáli fer yfir umsóknir birgja og metur hvort viðkomandi birgi er hæfur til vinnu á svæðinu. Frá upphafi rekstrar félagsins hafa einungis tveir innlendir birgjar talist óhæfir og tengdist það fyrst og fremst öryggisþáttum, líkt og slysatíðni og öryggismenningu. Félagið á í reglubundnum samskiptum við birgja og hvetur þá til góðra verka í samfélags- og umhverfismálum og veitir leiðsögn ef svo ber undir. Jafnframt hvetur félagið starfsmenn birgja og verktaka að taka þátt í sjálfbæraverkefnum á vegum félagsins.

10.3 INNKAUPANET

Alcoa Fjarðaál er einn stofnfélagi Innkaupanets sem stofnað var árið 2014 í samvinnu við Umhverfisstofnun. Leitast er við að lágmarka umhverfisáhrif frá innkaupum ár frá ári í gegnum vistvæn innkaup og gera árangur þeirra sýnilegan. Stuðst er við umhverfismerkingar og -vottanir í innkaupum á vöru og þjónustu er koma að rekstri fyrirtækisins. Má m.a. nefna að fyrirtæki sem sinnir ræstingum á svæðinu er Svansvottað og aðeins er notast við Svansvottaðar prentsmiðjur til að prenta útgefið efni fyrirtækisins.

10.4 FJÁRFESTINGA-SAMNINGUR

Árið 2003 var undirritaður fjárfestingarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands, Alcoa inc., Fjarðaáls sf., Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráls ehf., um álver í Reyðarfirði. Fjárfestingarsamningurinn byggist á lögum sem samþykkt voru frá Alþingi. Samningurinn er opinber og öllum aðgengilegur. Fjarðaál hefur

alla tíð starfað í samræmi við fjárfestingarsamninginn og almenn lög sem gilda í landinu.

10.5 MEGINMARKMIÐ FYRIR 2017

- Stefnt er að því að 80% af innkaupum á hreinsiefnum og almennum skrifstofuvörum séu umhverfisvottaðar.
- Fyrirtækið hyggst í samstarfi og samvinnu við rekstraraðila mötuneytis, vinna að umhverfisvottun (Svansmerkingu) á starfsemi mötuneytisins í álverinu.

VISTVÆNT

Leitast er við að lágmarka umhverfisáhrif frá innkaupum ár frá ári í gegnum vistvæn innkaup

Ég hef endurskoðað útreikninga og yfirfarið upplýsingar sem fram koma í umhverfisskýrslu Alcoa Fjarðaáls sf. fyrir árið 2015. Þetta er gert í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Alcoa Fjarðaál sf. er í flokki þeirra fyrirtækja sem falla undir viðauka þeirrar reglugerðar, flokk 2.1 álframleiðsla. Umhverfisskýrslan er lögð fram af stjórnendum Alcoa Fjarðaáls sf. og á ábyrgð þeirra. Ábyrgð mín felst í því mati sem ég læt í ljós á framsettum gögnum í umhverfisskýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna að upplýsingar og gögn sem fram eru settar í umhverfisskýrslunni séu í samræmi við fjárhagsbókhald fyrirtækisins og niðurstöður viðurkenndra mælinga.

Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á útreikningum sem beitt er við mat á stærðargráðu einstakra þátta sem upp eru taldir í umhverfisskýrslunni.

Ég tel að endurskoðunin sé nægjanleg traustur grunnur til þess að byggja álit mitt á.

Það er álit mitt að umhverfisskýrslan gefi góða mynd af umhverfisáhrifum rekstrarins fyrir árið 2015, í samræmi við góðar og viðteknar venjur í atvinnugreininni.

Reykjavík, 20.04.2016
VSÓ Ráðgjöf

Guðjón Jónsson
efnaverkfræðingur

Heildarútflutningur Fjarðaáls sem hlutfall af heildarútflutningi frá Íslandi	2015	2016
Nettó útflutningur Fjarðaáls sem hlutfall af árlegum útflutningi frá Íslandi	5,40%	5,12%
Viðskipti Fjarðaáls við íslenska aðila í milljónum króna	33.800	27.500
Heildarútflutningur frá Íslandi í milljónum króna	626.266	537.342

12

GRI -YFIRLITSTAFLA

Tilvísunartafla með samfélagsskýrslu Alcoa Fjarðaáls Kafli í skýrslu Athugasemdir og tenglar

STEFNA OG GREINING

G4-1	Nafn æðsta stjórnanda	2	
G4-2	Helstu áhrifaþættir starfseminnar	4, 6, 7.1	

UPPLÝSINGAR UM FYRIRTÆKI

G4-3	Nafn fyrirtækis	4	
G4-4	Helstu vörur og þjónusta	6	
G4-5	Staðsetning	4	
G4-6	Fjöldi landa og þau lönd sem fyrirtækið starfar í og hefur umtalsverð áhrif á samfélag	4	Skýrslan tekur einungis yfir starfsemi Alcoa Fjarðaáls
G4-7	Eignarhald og rekstarform	4	
G4-8	Markaðir og viðskiptavinir	6	
G4-9	Stærð og umfang fyrirtækis	4, 6	
G4-10	Samsetning vinnuafis	8	
G4-11	Hlutfall kjarasamningsbundinna starfsmanna	10.1	
G4-12	Virðisikeðjan	5.4, 10, 10.1, 10.2, 10.3	
G4-13	Umtalsverðar breytingar á tímabili	4	Skipting móðurfélags Alcoa Inc. í tvö fyrirtæki.

ÞÁTTAKA Í YTRI VERKEFNUM

G4-14	Notkun á varúðarreglum	1	Starfsreglur Alcoa, www.alcoa.com
G4-15	Utanaðkomandi efnahags- umhverfis- og/eða samfélagsviðmið og reglur sem fyrirtækið fer eftir eða styðst við.	1, 2, 4, 7, 8.5, 10.4	
G4-16	Aðild að samtökum og/eða þar sem fyrirtækið á fulltrúa í stjórn, tekur þátt íslenskum/alþjóðlegum þrýstihópum/verkefnum, leggur til fé eða lítur á aðild sem mikilvæga	1, 2, 9.1	

UMFANG OG TAKMARKANIR Á EFNISTÖKUM SKÝRSLUNNAR

G4-17	Fyrirtæki sem eru inni í samstæðureikningi	4	
G4-18	Gerið grein fyrir efnistöku skýrslunnar, verkferli og afmörkun	1	
G4-19	Lýsing og skilgreining þátta sem mótuðu efnistöku skýrslunnar	1	

Tilvísunartafla með samfélagsskýrslu Alcoa Fjarðaáls Kafli í skýrslu Athugasemdir og tenglar

ÞÁTTAKA HAGSMUNAAÐILA

G4-24	Listi yfir hagsmunaaðila sem starfa með fyrirtækinu	9.3	
G4-25	Hvernig fer val á hagsmunaaðilum fram?	9.3	
G4-26	Samstarf við hagsmunaaðila og verklag, þ.m.t. tíðni samstarfs eftir eðli og hagsmunahópum	7, 9, 9.1, 9.3	
G4-27	Helstu viðfangsefni og málefni sem hafa komið upp í tengslum við hagsmunaaðila og hvernig brugðist var við þeim	7	

VIÐFANGSEFNI SKÝRSLUNNAR

G4-28	Tímabil skýrslugjafar	Almanaksárið 2016	
G4-30	Tíðni skýrslugjafar	Árleg	
G4-31	Tengiliðir varðandi upplýsingar skýrslunnar	Baksíða	
G4-32	Ferli við ákvörðun á efnistöku skýrslunnar og tilvísunartafla	1	
G4-33	Stefnumótun og starfshættir fyrirtækisins varðandi gæðatryggingu skýrslunnar af óháðum aðilum	1	
G4-38	Samsetning framkvæmdastjórnar og undirnefnda	1, 2	
G4-39	Tilgreinið hvort stjórnarformaður sé einnig framkvæmdastjóri	-	Stjórnarformaður er ekki framkvæmdastjóri

STJÓRNARHÆTTIR

G4-41	Ferlar sem koma í veg fyrir hagsmunaaðila hjá framkvæmdastjórn	2, 8.4	Stefna Alcoa Inc. gegn spillingu, www.alcoa.com
-------	----------------------------------------------------------------	--------	------------------------------------------------------------------------------------

SIÐFERÐI OG HEILINDI

G4-56	Skýrið frá gildum, reglum viðmiðum og kröfum um viðtekna hegðun og siðareglur	2, 8.4	Starfsreglur Alcoa, www.alcoa.com
G4-57	Gerið grein fyrir ferlum, innri og ytri sem snúa að því að leita sér ráðgjafar vegna siðferðilegra og lagalegra málefna, er varða s.s. heilindi fyrirtækisins (t.d. sem hjálparsíma eða ráðgjafaver)	8.4	Heilindalínan, www.alcoa.com
G4-58	Gerið grein fyrir ferlum, innri og ytri til að upplýsa um ósiðlega hegðun, lögbrot og mál tengd heilindum fyrirtækisins, svo sem ferli tilkynninga til yfirmanna, ferli uppljóstrana (e. whistle-blowing) eða nafnlausra ábendinga	8.4	Heilindalínan, www.alcoa.com

Tilvísunartafla með samfélagsskýrslu Alcoa Fjarðaáls	Kafli í skýrslu	Athugasemdir og tenglar	
UMHVERFI			
G4-EN15	Bein losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslu (Scope 1).	7.1, 7.3	
G4-EN16	Óbein losun gróðurhúsalofttegunda vegna orkunotkunar (Scope 2).	7.1, 7.3	
G4-EN17	Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (Scope 3).	7.1, 7.3	
G4-EN18	Magn gróðurhúsalofttegunda á framleiðslueiningu	7.1, 7.3	
G4-EN19	Lækkun/lágmörkun gróðurhúsalofttegunda.	7.3	
G4-EN1	Notkun hráefna eftir þyngd eða rúmmáli	7.1	
G4-EN3	Orkunotkun innan fyrirtækisins.	7.1	
G4-EN5	Orkunotkun á hverja framleiðslueiningu	7.2	
G4-EN23	Heildarmagn úrgangs eftir tegund og ráðstöfunaraðferð.	7.1, 7.5	
G4-EN24	Heildarfjöldi tilvika og magn marktækra efnaleka.	-	Engir marktækir efnalekar voru út í umhverfi á árinu 2016
G4EN8	Heildarmagn eftir uppruna (vatnsnotkun)	7.1	Vatn er upprunnið frá vatnsbólí Fjarðabyggðar við Geithúsaá
G4-EN10	Hlutfall og heildarrúmmál vatns sem er endurunnið og notað	7.1, 7.2	

MANNAUÐUR

G4-LA1	Heildarfjöldi og hlutfall nýrra starfsmanna og starfsmannavelta eftir aldurshópum	8	
G4-LA2	Hlunnindi fastráðinna starfsmanna í fullri vinnu sem hluta- eða lausráðnir starfsmenn fá ekki.	8.7	
G4-LA3	Hlutfall starfsmanna sem snúa aftur til vinnu eftir fæðingarorlof, skipt eftir kyni	8	
G4-LA6	Tegund og hlutfall meiðsla, starfstengdra sjúkdóma, tapaðra vinnudaga, fjarvista og heildarfjöldi vinnutengdra banaslysa, eftir svæði og kyni.	8.5, 8.6	
G4-LA9	Meðalfjöldi klukkustunda sem starfsmenn fá í þjálfun á ári eftir kyni og starfsgrein.	8.8	
G4-LA10	Námskeið í fagkunnáttu og endurmenntun sem viðhalda ráðningarhæfi starfsmanna og hjálpa þeim við starfslok.	8.8	
G4-LA11	Hlutfall starfsmanna sem fá regluleg starfsmannasamtöl til þróunar í starfi, flokkað eftir kyni og starfaflokk	8.8	
G4-LA12	Samsetning eftirlits- og stjórnunarstofnana og skipting starfsmanna eftir starfaflokkun, kyni, aldri, minnihlutahópum, og öðrum vísam varðandi fjölbreytileika.	8	
G4-LA13	Hlutfall grunnlauna og hlunninda kvenna af launum karla eftir starfaflokkun og helstu starfsstöðvum.	8.1	

Tilvísunartafla með samfélagsskýrslu Alcoa Fjarðaáls	Kafli í skýrslu	Athugasemdir og tenglar	
SAMFÉLAG			
G4-S03	Heildarfjöldi og hlutfall aðgerða sem hafa verið metnar varðandi áhættu á spillingu og borin kennsl á helstu hættur.	-	Engin tilkynnt frávik árið 2016
G4-S04	Miðlun og þjálfun í stefnu gegn spillingu og ferlum sem tengjast henni.	8.4, 8.8	Starfsreglur Alcoa
G4-S05	Staðfest atvik varðandi spillingu og til hvaða aðgerða var gripið.	-	Engin tilkynnt frávik árið 2016
G4-S07	Heildarfjöldi lögsókna vegna brota á samkeppnislögum, auðhringjamyndun og einokun, ásamt niðurstöðu þeirra.	-	Engin tilkynnt frávik árið 2016
G4-S08	Upphæðir verulegra sekta og heildarfjöldi efnislegra refsiaðgerða fyrir brot á lögum og reglugerðum.	-	Engin tilkynnt frávik árið 2016

EFNAHAGUR

G4-EC6	Hlutfall æðstu stjórnenda sem hafa verið ráðnir úr nærsamfélagi fyrirtækisins.	8	
G4-EC7	Þróun og áhrif fjárfestinga í innviðum og stuðningi við þjónustu.	4, 5, 10, 10.1, 10.2	
G4-EC1	Bein efnahagsleg verðmæti sem hafa skapast og verið dreift.	10, 10.1	
G4-EC4	Fjárhagsleg aðstoð frá hinu opinbera.	10.4	Fjárfestingarsamningur, althingi.is

VIRÐISKEÐJAN

G4-LA14	Hlutfall nýrra birgja sem voru skimaðir með notkun viðmiða um verkalyðsmál.	10.2	100%
G4-EC9	Hlutfall útgjalda til staðbundinna birgja hjá fyrirtækinu.	10.1	
G4-S09	Hlutfall nýrra birgja sem voru skimaðir með notkun viðmiða um þjóðfélagsleg/samfélagsleg áhrif.	10.2	100%
G4-HR4	Starfsstöðvar og birgjar sem hugsanlega hafa brotið á rétti einstaklingsins til félagsfrelsis og kjarasmaninga, eða gætu talist mjög líkleg til þess, auk aðgerða sem gripið var til í þeim tilgangi að tryggja þennan rétt.	-	Engin tilkynnt frávik árið 2016
G4-HR5	Starfsstöðvar og birgjar sem eru talin mjög líkleg til að nýta sér barnaþrælkun, auk aðgerða sem gripið var til í þeim tilgangi að útrýma barnaþrælkun.	-	Engin tilkynnt frávik árið 2016
G4-HR6	Starfsstöðvar og birgjar sem eru talin mjög líkleg til að nýta sér nauðungarvinnu, auk aðgerða sem gripið var til í þeim tilgangi að útrýma sérhverri tegund af þvingaðri vinnu eða nauðungarvinnu.	-	Engin tilkynnt frávik árið 2016
G4-HR10	Hlutfall nýrra birgja með voru skimaðir með notkun viðmiða um mannréttinidi.	10.2	100%
G4-HR11	Helstu raunveruleg og hugsanleg neikvæð áhrif á mannréttindamál í aðfangakeðju sem og aðgerðir sem gripið var til.	-	Engin tilkynnt frávik árið 2016

13

STEFNA ALCOA FJARÐAÁLS Í UMHVERFIS-, HEILSU- OG ÖRYGGISMÁLUM

Alcoa Fjarðaál virðir að öllu leyti stefnu Alcoa í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum (UHÖ). Þetta er hið mikilvægasta af gildum fyrirtækisins og við stefnum stöðugt að því að bæta frammistöðu okkar í þessum málum.

Allir starfsmenn okkar eiga að skilja, efla og styðja við framgang þeirrar stefnu ásamt meginreglum hennar. Ábyrg framkoma í UHÖ-málum er skylda hvers starfsmanns og skilyrði fyrir ráðningu hans.

Magnús Þór Ásmundsson
Forstjóri

Páll Freysteinnsson
Framkvæmdastjóri UHÖ

Það er stefna Alcoa á heimsvísu að starfa á öruggan og ábyrgan hátt með virðingu fyrir umhverfinu og velferð starfsmanna, viðskiptavina og samfélaga þar sem við störfum. Við förnum ekki umhverfis-, heilsu- og öryggisgildum fyrir hagnað eða framleiðslu.

Þess er vænst að allir starfsmenn Alcoa Fjarðaáls kynni sér þessa stefnu og tilheyrandi meginreglur. Jafnframt að þeir skilji, efli og taki þátt í innleiðingu og framkvæmd þeirra.

Þessi stefna er aðgengileg hverjum sem er.

Gildi Alcoa Fjarðaáls varðandi umhverfis-, heilsu- og öryggismál

Við vinnum af öryggi með þeim hætti sem verndar og styrkir heilsu og velferð einstaklingsins og umhverfisins.

Meginreglur Alcoa Fjarðaáls í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum

- Við berum öll ábyrgð á að fylgja UHÖ-stefnu fyrirtækisins.
- Við vinnum ötullega að því að fyrirbyggja öll slys, alls staðar og erum stöðugt að bæta okkur í UHÖ-málum. Besta leiðin til þess er að endurskoða UHÖ-markmið okkar reglulega og kortleggja leiðina að hámarksárangri.
- Við fylgjum öllum lögum, reglugerðum og leyfisákvæðum og setjum okkur jafnvel enn strangari staðla innan fyrirtækisins ef nauðsyn krefur samkvæmt UHÖ-stefnu Alcoa Fjarðaáls.
- Við endurskoðum reglulega starfshætti okkar og tilkynnum niðurstöður.
- Við styrkjum verkefni sem stuðla að aukinni þekkingu varðandi umhverfis-, heilsu- og öryggisvernd.
- Við mælum og metum frammistöðu okkar.
- Við höfum mengunarvarnir að leiðarljósi til langframa, ásamt ábyrgri nýtingu náttúruauðlinda og skynsamlegri orkunotkun.
- Við bjóðum vörur og þjónustu með öryggi og áreiðanleika í fyrirrúmi.

Ábyrgðaraðili skýrslu:

Dagmar Ýr Stefánsdóttir upplýsingafulltrúi Alcoa Fjarðaáls.
Ef þið hafið ábendingar vegna skýrslunnar vinsamlega sendið þær á netfangið dagmar.stefansdottir@alcoa.com.

ISO 9001
ISO 14001
OHSAS 18001
BUREAU VERITAS
Certification



